

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/959
komudagur 14.2.2007

Reykjavík 8. febrúar 2007

Efni: Umsögn um lagafrumvarp, um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál.

Við er til bréfs nefndarritara menntamálanefndar, dags. 31. janúar 2007, þar sem Bandalagi háskólamanna er gefinn kostur á að gefa álit sitt á framangreindu frumvarpi til laga.

Stuðningur BHM við framkomið frumvarp byggir á eftirfarandi fyrirvörum:

Að lögum um Háskóla Íslands verði breytt í samræmi við stefnu Háskóla Íslands um að honum verði skipt upp í skóla og að KHÍ verði einn af þeim skólum.

Að KHÍ haldi a.m.k. þeim fjárveitingum sem honum reiknast skv. núverandi reiknilíkani og tryggt verði að framlag til hans verði ekki skert með deililíkani HÍ. Kostir sameiningar fyrir kennaramenntun í landinu felast í því að KHÍ haldi fjárveitingum sínum og eflist með aukinni samvinnu og samstarfi innan HÍ.

Að breytingin verði ekki til að veikja kennaranám og sameiningin verði ekki til að veikja eða draga úr þeim gæðum sem KHÍ hefur t.d. varðandi fjarkennslu, búnað og tæki í samanburði við HÍ.


Að samræming reglna um vinnumat, ársmat, rannsóknarleyfi og ferðastyrki leiði ekki til rýrnunar kjara starfsmanna KHÍ og verði unnin í nánú samstarfi við starfsmenn skólanna.

Að samræming stofnanasamninga sameinaðs háskóla og BHM (og annarra stéttarféлага) leiði ekki til kjaraskerðingar.

Að unnið verði að því fram að sameiningu að þeim kennurum (aðjunktum) sem hafa verið tímabundið ráðnir við KHÍ og starfað sem slíkir í tvö ár eða lengur verði veitt ótímabundin ráðning sbr. 41. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ef framangreindir fyrirvarar verða uppfylltir telur BHM líkur á að sameining háskólanna geti orðið til þess að styrkja menntun, kennslu og rannsóknir sameinaðra skóla innan Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,



Stefán Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri BHM.

Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og Háskóla Íslands (HÍ)

Um tengsl BÍSN og KHÍ

Bandalag íslenskra námsmanna (BÍSN) er samstarfsvetvangur hagsmunafélaga stúdenta úr öllum háskólum á Íslandi utan Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Félagsmenn í BÍSN eru nú um 7000. Stúdentafélag Kennaraháskóla Íslands (SKHÍ) hefur allt frá stofnun BÍSN árið 1979 verið eitt af virkari félögum innan BÍSN og notað bandalagið sem vetvang almennrar hagsmunabaráttu fyrir félagsmenn sína.

Einn mikilvægasti þátturinn í aðild SKHÍ er aðkoma að skipun fulltrúa BÍSN í Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) sem starfar samkvæmt lögum nr. 21/1992. Þar er í 4. gr. kveðið sérstaklega á um rétt BÍSN til þess að skipa einn af fjórum fulltrúum námsmanna í stjórn sjóðsins.

Annað mikilvægt atriði felst í nánnum tengslum BÍSN við Byggingarfélag námsmanna (BN) sem nokkur af aðildarfélögum BÍSN, þar á meðal SKHÍ, eru einnig aðilar að og hafa þar mikilla hagsmuna að gæta. BÍSN tilnefnir mann í stjórn og hefur atkvæðisrétt á aðalfundi BN.

Ljóst er því að hagsmunir SKHÍ eru samofnir við hagsmuni BÍSN enda hafa stúdentar úr Kennaraháskólanum í gegnum tíðina verið leiðandi í starfi og uppbyggingu BÍSN.

Áhersla á samráð við stúdenta

BÍSN leggur áherslu á að við sameiningu KHÍ og HÍ verði gætt að því að samráð verði haft við forsvarsmenn nemenda um allar ákvarðanir varðandi sameininguna sem snerta hagsmuni nemenda með einum eða öðrum hætti líkt og markmið Bologna ferlisins gera ráð fyrir.

BÍSN leggur einnig áherslu á að aðkoma stúdenta KHÍ að ákvörðunum og stjórnsýslu hins sameinaða skóla verð ekki lakari en SKHÍ nýtur nú fyrir sameininguna í KHÍ.

Áhrif sameiningar á BÍSN

Um áhrif frumvarpsins á starfsemi BÍSN er ekki gott að segja. Ræðst það að miklu leiti af því með hvaða hætti SKHÍ tekur á breyttum aðstæðum.

Kjósi SKHÍ að ganga til liðs við Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) og úr BÍSN er ljóst að þeir skilja eftir þá hagsmuni sína sem felast í aðkomu BÍSN að BN og LÍN. Afleiðingin fyrir BÍSN væri einkum fjárhagsleg þar sem tekjur af gjöldum frá nemum KHÍ stæðu ekki lengur undir rekstri bandalagsins á skrifstofu og starfsmanni. Þess má geta að sá rekstur má tæplega við tekjuskerðingu eigi bandalagið að geta uppfyllt skyldur sínar gagnvart LÍN um að hafa opna skrifstofu með viðveru starfsmanns.

Kjósi SKHÍ að halda sig við aðild að BÍSN og gæta þannig áfram hagsmuna sinna í LÍN og BN, verða ekki stórvægilegar breytingar á aðstöðu BÍSN, en slíkt gæti hinsvegar valdið einkennilegri stöðu SKHÍ gagnvart SHÍ þar sem félögin væru þá orðin að mörgu leiti hliðstæð. Bæði félögin stæðu þá í hagsmunabaráttu á

vettvangi LÍN, og bæði stæðu að uppbyggingu og rekstri stúdentagarða. Vettvangurinn væri hinsvegar ólíkur í þessum stærstu hagsmunamálum stúdenta.

Tillaga um heildarsamtök stúdenta á Íslandi


Í ljósi þeirrar klemmu sem tvö af helstu hagsmunasamtök stúdenta á Íslandi, BÍSN og SHÍ, lenda fyrirsjáanlega í við fyrirhugaða sameiningu þykir BÍSN rétt að varpa þeirri hugmynd fram hvort æskilegt væri að sameina BÍSN og SHÍ og jafnvel Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) í ein heildarsamtök stúdenta sem hefðu það meginhlutverk að standa vörðu um aimenna hagsmuni líkt og lánasjóðsmálin.

Þrátt fyrir að um sé að ræða frjáls félagasamtök þykir BÍSN rétt að viðra þessa hugmynd við menntamálanefnd Alþingis í tengslum við frumvarp það sem hér er til umfjöllunar þar sem tilvalið væri að í samhengi við það yrðu gerðar breytingar á lögum um LÍN að því er varðar skipun í stjórn. Til að stuðla að sameiningu stúdenta í eina hreyfingu væri snjallt að breyta ákvæði um að hver þriggja hreyfinga skipi einn fulltrúa hver, yfir í að samtök stúdenta skipi saman þrjá fulltrúa. Slíkt mundi leiða til þess að stúdentar yrðu að koma sér saman um lýðræðislegt fyrirkomulag á vali þessara fulltrúa.

Kostir sameiningar yrðu ótvíræðir fyrir stúdentum og stjórnvöld. Í stað þess að halda úti þremur skrifstofum við þróngan kost um hvern LÍN fulltrúa væri hægt að sameina þær í eina. Slíkt mundi gera bæði nemendum og stjórnvöldum auðveldara fyrir með að nálgast hagsmunasamtök stúdenta þar sem ekki leikur þá vafi á hvert skuli leita í það skiptið. Hagsmunabaráttu stúdenta yrði að sama skapi kraftmeiri þar sem sameinaðir kraftar eru háværi og þyngri en dreifðir óskipulagðir.

Niðurstaða umsagnar

BÍSN veitir jákvæða umsögn um frumvarp þetta að gefnum samráðsforsendum við forsvarsmenn stúdenta og að skoðað verði hvort rétt sé að breyta lögum um LÍN í samhengi til að stuðla að sameiningu hagsmunasamtaka íslenskra stúdenta.



F.h BÍSN Haukur Logi Karlsson, formaður



Lögfræðipjónusta
Sjöfn Kristjánsdóttir, hdl

Alþingi
Erindi nr. P 133/860
komudagur 8.2.2007

Reykjavík, 2. febrúar 2007.

Menntamálanefnd Alþingis,
b.t. Elísabetar Ránar Andréadóttur, nefndarritara,
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Byggingafélagi námsmanna hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar, og samkvæmt bréfi yðar dags. 31. f.m. er frestur veittur til 7. febrúar n.k. Byggingafélag námsmanna hefur óskað eftir að undirritaður lögmaður félagsins veiti umsögn, en henni verður ekki hægt að skila fyrir frest þann sem veittur er í bréfi yðar, enda þarf málið að fara fyrir stjórn félagsins, en næsti fundur hennar er 7. febrúar n.k. Umsögnin mun berast Alþingi fljótlega eftir þann dag.

F.h. Byggingafélags námsmanna,

Sjöfn Kristjánsdóttir, hdl.



Alþingi
Erindi nr. **P 133/906**
komudagur 12.2.2007

Reykjavík, 8. febrúar 2007.

Nefndasvið Alþingis,
Menntamálanefnd,
b.t. Elísabetar Ránar Andrésdóttur,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Með bréfi dags. 31. f.m. var Byggingafélagi námsmanna sent til umsagnar frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Byggingafélagið hefur falið undirrituðum lögmanni félagsins að rita umsögn um frumvarpið, sem fer hér á eftir.

Umsögn Byggingafélags námsmanna um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands:

Frumvarpið sjálft er afar stutt, eða 4 gr., og í ákvæðum þess sjálfs er ekkert það að finna sem snertir Byggingafélag námsmanna. Þó þykir ástæða til að nefna, vegna 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, að Kennaraháskóli Íslands er ekki með nokkru móti eigandi eigna Byggingafélags námsmanna.

Í athugasemdum er fylgja frumvarpinu er nokkrum sinnum minnst á stöðu og eignir samtaka stúdenta við þá háskóla, er frumvarpið fjallar um, en af því tilefni þykir sérstök ástæða til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Byggingafélag námsmanna er sjálfseignastofnun, sem hefur aðallega það að markmiði að byggja og reka ódyrt íbúðarhúsnæði fyrir námsmenn. Byggingafélagið á fyrst og fremst íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, en einnig eiga nemendur íþróttabrautar Kennaraháskóla Íslands kost á 26 leiguíbúðum Byggingafélagsins að Laugarvatni.


Aðild að sjálfseignastofnuninni eiga nokkur félög eða samtök nemenda, m.a. Félag stúdenta við Kennaraháskóla Íslands, auk BÍSN. Þau félög, sem aðild eiga að sjálfseignastofnuninni eru ekki eigendur hennar, enda er hún sjálfseignastofnun eins og áður hefur komið fram. Ef félagsskapur nemenda gengur úr stofnuninni á viðkomandi félag engan rétt til að taka með sér, úr stofnuninni, eignir eða hlutdeild í eignum Byggingafélagsins. Við úrsögn fellur einfaldlega aðild viðkomandi félagsskapar að Byggingafélagi námsmanna niður og þar með eiga félagsmenn í viðkomandi samtökum engan rétt lengur til að fá húsnæði á leigu hjá Byggingarfélaginu eða til annars er fylgir aðild.

Þar sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir að sameinaður skóli skuli starfa undir nafni Háskóla Íslands er sennilega rökrétt að ætla, að Félag stúdenta við Kennaraháskóla Íslands hætti að vera til sem slíkt, á sama hátt og Kennaraháskólinn hættir að vera til, a.m.k. sem sjálfstæð stofnun, verði frumvarpið að lögum.

Segi Félag stúdenta við Kennaraháskóla Íslands sig úr Byggingafélagi námsmanna eða verður einfaldlega ekki lengur til, á sama hátt og skólinn sjálfur, verður staða Félagsins, gagnvart Byggingafélagi námsmanna, með þeim hætti sem að ofan var rakið.

Í fylgiskjali I, Áætlun um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, er fylgir athugasemdum með frumvarpinu er í kafla 8 fjallað um nemendur. Undir liðnum 8.11.1., kemur fram, að ákveða þurfi hvað verði um stofnanir og samtök stúdenta við sameininguna, sem og að kanna þurfi sérstaklega aðild Stúdentaráðs KHÍ að BÍSN og Byggingafélagi námsmanna. Undir liðunum 8.12.1 og 8.12.2 kemur fram að starfhópur stúdentaráða KHÍ og HÍ skuli gera tillögur um hvort stofnanir stúdenta í háskólunum skuli sameinast og taka ákvarðanir þar um. Vegna þessa vill Byggingafélag námsmanna koma á framfæri, að það er aðeins Byggingafélagið sjálft, sem getur tekið ákvarðanir um félagið, aðrir, svo sem stúdentaráð eða stúdentafélög einstakra skóla hafa ekki vald til slíks.

Virðingarfyllst,
f.h. Byggingafélags námsmanna,



Sjöfn Kristjánsdóttir, hdl.

14.02.2007

Félag Guðfræðinema

Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Drög.

Með vísan í þær breytingar sem eru í undirbúningi á skiptingu Háskóla Íslands í deildir og skorir, þá er það álit Félags guðfræðinema að eðlilegt er að málefni ríkisháskóla komi til frekari skoðunar líkt og kemur fram í frumvarpi þessu.

Teljum við að faglegur ávinningur sé mikill með auknu samstarfi Háskólans og Kennaraháskólans m.a. hvað fræðasvið Guðfræðideildar varðar.

Kjörsvið samfélagsgreina innan Kennaraháskólans felur m.a. í sér kennslu í kristnum fræðum og trúabragðafræði. Markmið þessa kjörsviðs er útlistað í kennsluskrá Kennaraháskólans og segir þar: Markmið kjörsviðs í samfélagsgreinum er að mennta kennara sérstaklega til kennslu samfélagsgreina í grunnskólum einkum með áherslu á miðstig og unglíngastig. Stefnt er að því að nemendur:

- fái innsýn í greinar sviðsins, þ.e. kristinfræði og trúarbragðafræði, landafræði, lífsleikni, sögu og þjóðfélagsfræði,
- öðlist faglega þekkingu sem gerir þá færa um að undirbúa kennslu í þessum greinum á sjálfstæðan hátt,
- átti sig á sérstöðu og innbyrðis tengslum greina sviðsins sem og tengslum við aðrar greinar,
- verði færir um að kenna þessar greinar í grunnskólum.

Það er okkar mat að hér geti Guðfræðideild Háskóla Íslands og Kennaraháskólans átt gott samstarf þar sem innan Guðfræðideildar er kennd bæði almenn trúabragðafræði sem og kristin guðfræði. Einnig getur Guðfræðideildin sótt í sjóði Kennaraháskólans hvað varðar kennslu í uppeldisfræði og almennum menntunarfræðum þar sem þau fræði snerta einnig okkar fræðasvið innan Guðfræðinnar. Það má því ætla að samstarf verði auðveldara en nú er sameinist háskólarnir tveir.

Virðingarfyllt

Félag guðfræðinema

c/o Stefán Einar Stefánsson, formaður félags guðfræðinema.

Alþingi
Erindi nr. P 133/1136
komudagur 21.2.2007



Félag háskólakennara

Reykjavík, 19. febrúar 2007

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

EFNI: Athugasemdir frá Félagi háskólakennara um Frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands (431. mál)

Stjórn Félags háskólakennara telur að í frumvarpi um sameiningu KHÍ og HÍ og athugasemdunum við það felist ágæt lýsing á sameiningarferli og því hvað þurfi að gera í stjórnsýslu og kjarasamræmingu ef KHÍ og HÍ verða sameinaðir.

Stjórnin gerir þó athugasemd við það að ekkert kemur fram í gögnum málsins um að það hafi verið rætt hvernig ýmis væntanleg ágreiningsatriði og álitamál verða útfærð. Í sambandi við kjaramál er til dæmis ekkert fjallað um hvort til standi að bæta kjör þeirra hópa sem lakar standa í hvorri stofnun um sig til sæmræmis við það sem betra er, ýmist í KHÍ eða HÍ. Þá er rétt að vekja athygli á því að prófessorar heyra ekki lengur undir kjararáð og að eðlilegt er að tala um alla akademíska starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur með heildstæðum hætti enda enginn munur sem heitið getur á prófessorum og öðrum akademískum starfsmönnum í því efni.

Stjórn Fh saknar þess að ekkert skuli tekið á þeim uppeldisfræðilega pólitísku málum sem koma þessari sameiningu við. Samráð hefur ekki verið haft við þau sem sinna uppeldis- og kennslufræðum við HÍ og ekkert liggur fyrir um hvernig faggreinum innan KHÍ muni reiða af eftir sameininguna. Munu íslensku- og raungreinadeildir KHÍ til dæmis renna inn í samsvarandi deildir í HÍ eða vera áfram innan uppeldis- og menntunarfræða innan hins sameinaða háskóla?

Ekkert er heldur fjallað um þá umdeildu stefnu sem hefur sótt í sig veðrið innan KHÍ hin síðari ár og felst í því að auka vægi hreinna uppeldis- og kennslufræða á kostnað faggreina í kennaranámi. Aðeins er sagt að hægt sé að hafa tvenns konar líkön (4.2) en fyrir liggur að um þetta er ágreiningur, t.d. hafa raungreinakennarar við HÍ lýst miklum áhyggjum af því að þeirra fögum sé ekki gert nándar nærri nógu hátt undir höfði í kennaranámi við KHÍ.

Stjórn Fh bendir á að í 4. kafla Skilagreinar nefndar um fýsileika sameiningar kemur fram að niðurstaðan um að sameining sé æskileg „er háð því að samstaða náist milli skólanna um markmið sameiningarinnar“. Það er skilningur stjórnarinnar að markmið sameiningar geti ekki verið ljós fyrir en tekið hefur verið á þeim málum sem nefnd eru að ofan.

Höfuðmarkmið sameiningar KHÍ og HÍ hlýtur að vera að bæta kennaramenntun í landinu og rannsóknir henni tengdar. Það er því ótímabært að taka afstöðu til fýsileika sameiningar fyrr en lögð hefur verið fram áætlun um hvernig því markmiði skuli náð. Stjórnin telur eðlilegt að þau sem málið varðar innan beggja stofnana komi að þeirri hugmynda- og aðferðafræðilegu vinnu sem slík markmiðssetning krefst áður en tekin verður ákvörðun um það hvort sameining KHÍ og HÍ sé líkleg til að bæta kennaramenntunina í landinu. Almennar viljayfirlýsingar háskólaráða KHÍ og HÍ um sameiningu geta ekki vegið þungt nema að undangenginni þeirri vinnu.

Fyrir hönd stjórnar Félags háskólakennara,

Dr. Gísli Sigurðsson rannsóknarprófessor og formaður Fh
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík

Frá Jóni Torfa Jónassyni
Prófessor

7. febrúar 2007

Til félags háskólakennara

Vegna frumvarps um að leggja niður KHÍ vil ég nefna eftirfarandi:

Ég tel KHÍ vera að mörgu leyti mjög öfluga stofnun og í mikilli þróun til umbóta. Ég tel það ekki vera verkefnum hans til framdráttar að stíga það skref sem lögin gera ráð fyrir. Þvert á móti.

Rök fyrir sjálfstæði KHÍ.

Rök mín eru fyrst og fremst þau að kennaramenntun KHÍ, sem viðamikilið sjálfstætt verkefni, sé betur komin í sjálfstæðu þróunarferli heldur en innan vébanda HÍ. (Það má vera að þetta eigi einnig við um einstök verkefni innan HÍ, en KHÍ hefur vegna stærðar sinnar sérstaka burði til sjálfstæðis og þetta mál snýst um hann.) Ég byggi þetta á því sem ég hef kynnt mér um þróun háskóla í Evrópu og í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Reynslan sýnir að viðurkenning háskólastarfs á grundvelli afkasta í rannsóknum verður ekki aðeins skynsamlegt keppikefli flestra háskóla og háskólastarfsmanna heldur stundum allsráðandi markmið, þannig að flest annað er látið víkja (að vísu aldrei í orði, en á borði). Þetta ræður þróun háskólakerfa, einstakra skóla og einnig deilda innan skóla víða um lönd. Þessi þróun er eðlileg þegar til lengri tíma er litið, en ég tel mjög mikilvægt að hún gerist innan mun fjölbreytilegra reglukerfis en almennt rúmast innan einnar stofnunar, eins og HÍ. Þess vegna hef ég talið skynsamlegt að á Íslandi væru fjölmargir háskólar, hver með sitt reglukerfi, vegna þess hve regluveldin eru ráðrík. Ég tel þá stefnu stjórnvalda, sem mér sýnist birtast í þessum lögum, að setja alla ríkisháskólana inn í sama reglukerfið með sameiningu mjög misráðna. Sömuleiðis tel ég ásókn HÍ í stærri köku sem fæst með sameiningu stofnana ekki spegla skynsamlega framtíðarsýn um uppbyggingu fjölbreyttrar háskólamenntunar á Íslandi.

Um málatilbúnað.

Ég læt fylgja hér á eftir athugasemdir sem ég hef látið frá mér fara um þetta mál (sjá fylgiskjöl 1 og 2). Fyrst stutta athugasemd á HI-Starf í desember 2006 og síðan umsögn til deildarforseta félagsvísindadeildar frá því í maí 2006. Þær eru stuttaralegar.

Það hefur aldrei verið leitað til mín sem fagmanns um efnislega umsögn um þetta mál í öllu þessu ferli, þótt ég hafi lengi verið formaður kennaramenntunarnefndar HÍ og þekki þess vegna vel til umræðu um kennaramenntun í HÍ og hef verið meðal þeirra sem mest hafa verið í samstarfi við KHÍ og veit vel hve það samstarf getur verið lipurt. Ég tel mig einnig vera meðal þeirra sem best hafa kynnt sér þróun háskóla á Vesturlöndum (ásamt Gyðu Jóhannsdóttur við KHÍ) og tel það vera vanvirðingu við fagmennsku og fræðileg sjónarhorn að ekki skuli eftir álitinu mínu leitað. Þetta nefni ég af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna

Þess að ef einhver ætti að hafa sjálfsvirðingu til að leita eftir þessum sjónarhornum þá væru það þessar tvær stofnanir sem nú á að sameina. Það hefur hvorug þeirra gert. En hvað um það.

Hins vegar nefni ég þetta, og það er auðvitað mikilvægara, vegna þess að mér finnst málatilbúnaðurinn óvenju slakur og hefði þurft miklu gagnrýnni umfjöllun. Ég tel þau málsskjöl sem hafa verið lögð fram, vera yfirborðsleg og klisjukennd án nokkurs efnislegs rökstuðnings, né sýnar sem byggist á þekkingu á háskóla. Mörg þeirra efnisatriða sem talin eru mæla með sameiningu mæla allt eins á móti henni að mínu mati. Ég tel einnig að sú úttekt, frá 2002, sem lögð var til grundvallar mæli ekki síður gegn sameiningu eins og með henni. Verst er þó það aðalatriði málsins, finnst mér, að engin umræða hefur farið fram um skipan kennaramenntunar eftir sameiningu og því hefur engin almennileg útskýring komið fram á gildi sameingar fyrir kennaramenntunina, nema að hún muni batna. Ég hef heyrt á skotspónum ótal hugmyndir um skipan menntunar grunnskólakennara sem ég tel að yrðu mjög til hins verra ef þær næðu fram að ganga. Það veldur því að ég vil heyra um þetta rætt og málið útfært áður en lengra er haldið. Mér er að vísu sagt að það muni trufla framvinduna ef farið væri að ræða þetta efnislega. Þess vegna eigi ekki að gera það, nema þá meðal fólks sem er ekki inni í málinu. Þannig vinni maður ekki að sameiningu stofnana. Ég er mjög ósammála slíkum sjónarmiðum.

Ég hef hér að ofan bent á að það kunni að vera sterk rök gegn þeirri sameiningu sem frumvarpið ráðgerir. Ég hef líka rakið að ég telji að málið hafi ekki verið nægilega faglega undirbúið af hálfu háskólanna í þeim skjölum sem stjórnvöld fengu í hendur og í því ferli sem að baki þeim liggur. Þar til viðbótar hefur skipulag KHÍ nú verið endurskoðað frá grunni og kallar að mínu mati ekki á sameiningu fyrr en ljóst er að hún verði starfinu þar til framdráttar.

Virðingarfyllst,

Jón Torfi Jónasson

Prófessor

Fylgiskjal 1. Bréf frá JTJ á HI-Starf (póstvef HÍ).

Skrifað 4.12.2006.

Eftir ádrepu Ólafs Páls 29. nóvember á HI-Starf um að ekki sé rætt um sameiningarmál KHÍ og HÍ þá vil ég nefna eftirfarandi.

Mér finnst erfitt að ræða um þetta mál vegna þess að ég veit ekki um hvað það snýst. Sennilega snýst það einungis um að KHÍ verði hluti af HÍ og svo verði að ráðast hvort eitthvað fleira gerist. Rökin væru hagkvæmni stærðarinnar: þeim mun stærri stofnun, því betri. Mér heyrir að umræða um málið sé ekki lengra komin, en KHÍ hefur ekki sett annað veigamikið skilyrði fyrir sameiningu en að HÍ verði skipt upp í skóla og mér skilst að það eigi að verða við þeirri ósk.

Ég veit ekki hvaða hagsmunir ráða ferðinni en ég hef gert félagsvísindadeild grein fyrir þeim skoðunum mínum að ég telji sameiningu ekki verða þróun kennaramenntunar til framdráttar. En ég kann vitaskuld að hafa rangt fyrir mér í því efni (og HÍ telur að ég hafi það). Og þá kem ég að umkvörtunarefni mínu. Um málið fæst ekki efnisleg umræða, þ.e.a.s. engin umræða um kennaramenntun. Mér er sagt að fyrst eigi að afgreiða málið og ræða það síðan; þannig gangi framkvæmdafólk til verka.

Almenn umræða snýst að vísu um eflingu, styrk, samvinnu, samráð, þróun og sennilega gæði. Það hljómar rétt. En ég er litlu nær, en ég vildi vera það vegna þess að sameining stofnana hefur bæði kosti og galla.

Uppeldis- og menntunarfræðiskor hélt málstofu síðastliðinn miðvikudag sem var hugsuð sem upplýsingafundur einmitt um þetta efni. Vel var mætt úr skorinni og úr KHÍ, en ekki vel úr kennarahópi HÍ að öðru leyti. Hafdís Ingvarsdóttir sagði frá hugmyndum sínum um kennaramenntun og það er eina umfjöllunin tengd sameiningunni sem ég hef heyrt um það mál. Deildarforseti raunvísindadeildar sagði frá nýju námsvali í deildinni sem gæti t.d. hentað kennurum og fjölmiðlafólki, en ræddi að öðru leyti ekki um kennaramenntun. Deildarforseti hugvísindadeildar taldi nýja tíma í vændum með mikilli umræðu, en sagði ekkert um inntak nýrra hugmynda. Deildarforseti grunndeildar kennaranáms í KHÍ sagði að nú væri verið að ljúka gagngerri endurskipulagningu kennaranámsins í KHÍ sem kæmi til framkvæmda haustið 2007, þannig að þau gengju fersk inn í aðra endurskoðun kæmi hún til. Það var augljóst að engin efnisleg umræða um sameiningu hafði farið fram þar.

Ég spyr því: um hvaða breytingar er verið að ræða? Frummælendur á málstofunni vissu ekki hverju sameining myndi breyta og sáu ekki fyrir sér að hún leysti nein mál. Það hangir sennilega ekkert á sameiningu nema að til standi að stokka upp KHÍ. Stendur það til? Ekki hefur mér skilist það? Hver á að taka þær ákvarðanir um kennaramenntun sem teknar verða? Verður ekki kennaramenntun á hendi nýs skóla, þess sem nú þegar stjórnar sinni kennaramenntun í KHÍ? Vill KHÍ þá sækja talsvert til deilda HÍ, sem ég tel að sé góður kostur? En hvað er til marks um þann vilja? Á samstarfi er engin kerfislæg fyrirstaða eins og er, án sameiningar. Engin! Hvers vegna hefur það ekki verið rætt? Hvers vegna var ekkert um það rætt í þeirri uppstokkun sem nú er í vinnslu? Á hinn bóginn: hvað hefur hindrað deildir HÍ í að taka upp samstarf um kennaramenntun, m.a. við KHÍ, ef áhugi er á því? Ekkert! Hvað mun breytast í þeim efnum? Hver mun hafa forræði um það aðrir en deildirnar sjálfar?

Ég tel að það eigi að svara öllum þessum spurningum; það sé líka hægt að útskýra í hverju ávinningur sameiningar felst, t.d. að staða kennaramenntunar í alþjóðlegu samhengi styrkist (sé það svo). En mér finnst kostulegt hvernig hefur verið hægt að ræða yfirborðslega um sameiningu í nokkur ár án þess að minnst sem heitið getur á lykilatriði málsins: skipan, stöðu og þróun kennaramenntunar. Það skuli rætt síðar. Að mínu mati á það að koma fyrst. En kannski snýst málið ekki um kennaramenntun og þá á að segja frá því.

Fylgiskjal 2. Bréf frá JTJ til deildarforseta félagsvísindadeildar.

Frá Jóni Torfa Jónassyni, 26.5.2006

Ágæti deildarforseti félagsvísindadeildar
Ólafur Þórður Harðarson

Vegna hugmynda um sameiningu KHÍ og HÍ.

Ég hef verið í leyfi frá kennslu og stjórnun á þessu misseri og þess vegna ekki tekið virkan þátt í umræðu um stefnu HÍ.

Ég set nú samt fram nokkra punkta vegna hugmynda sem uppi eru um að sameina KHÍ og HÍ, vegna þess að þú lýsir eftir þeim vegna afgreiðslu deildarráðs. Í stuttu máli þá tel ég óráðlegt að sameina þessar stofnanir. Sameiningin mun sennilega ekki snerta HÍ mikið, en

mun að mínu mati hvorki vera heppileg fyrir kennaramenntunina né háskólamenntun í landinu. Ég fellst þó auðvitað á að ég kunni að hafa rangt fyrir mér í þessu efni.

Álit nefndar ráðuneytisins gerir ráð fyrir að af sameiningu verði.

Ráðuneytisnefndin byggir á skýrslu nefndar frá 2002. Það er þó óljóst á hverju er byggt enda er ekki vísað á milli. Ég nefni þetta vegna þess hve mér virðist margt í skýrslunni frá 2002 mæla gegn sameiningu. Það er athyglisvert að til eru margar nýrri skýrslur um háskólamenntun á Íslandi almennt, um HÍ og um kennaramenntun sem ekkert er vísað í og ekki útskýrt hvers vegna. Jafnframt hefur ýmislegt verið skrifað um þróun háskólastigsins á Íslandi undanfarin ár. Ekkert er vísað til þess. Það er eins og íslenska háskólasamfélagið beri litla virðingu fyrir sjálfu sér, að því marki sem það kom nálægt skýrslugerðinni.

Þetta er auðvitað aukaatriði en er e.t.v. grátbroslegt þar sem málið snýst um að breyta stofnunum vegna þess hve miklu varðar að búa yfir sterkri upplýstri akademíu.

Ég ræði þetta mál hér á eftir í almennum orðum og lýsi efasemdum mínum um samruna KHÍ og HÍ. Mér finnst samt í aðra röndina ánægjulegt að sjá í návígi þá þróun háskólamenntunar sem ég hef verið að skrifa um og spá fyrir undanfarin ár.

Það skiptir miklu um það sem kemur hér á eftir að ég tel KHÍ hafa alla burði til þess að þróast, m.a. í nánú samstarfi við aðra og ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Fyrst vísa ég í helstu kafla skilagreinar nefndar ráðuneytisins.

Markmiðskaflinn

Ég tel að það megi vísa í sum þau markmið sem þar koma fram til þess að andæfa samruna, ekkert síður en að þau náist með sameiningu. Þetta má annars vegar gera með því að vísa í skýrsluna frá 2002 og hins vegar með því að skoða innviði þróunar háskólastarfs á Vesturlöndum (þetta á jafnvel við um markmið 1.5). Önnur markmið (1.3, 1.4) eru byggð á einhverjum misskilningi.

Nú vaknar spurning um hvort ég þurfi ekki að rökstyðja mál mitt betur. En það þurftu ráðuneytishöfundar ekki að gera. Hér síðar mun ég samt nefna örfá dæmi máli mínu til stuðnings.

Kostir og tækifæri

Sama gildir um efnisatriðin í þessum kafla; ég tel að þær fullyrðingar sem þar eru gefi margar tilefni til þess að andæfa sameiningu ekki síður en að mæla með henni. Ég taldi um hríð að þetta ætti ekki við um fyrstu setninguna í 2.5, en mér finnst við nánari athugun margt benda til að sama eigi jafnvel við um hana. Hins vegar er alltaf álitamál hvað gerir heild sterka og hvernig það þjónar nákvæmlega einstökum aðilum hennar. Ég tel jafnframt augljóst að í sumum efnum blasi við að sameina krafta, en það er fráleitt að miða allt málið við þau afmörkuðu verkefni (þetta gæti átt við um 2.7).

Viðfangsefni

Ég geri litlar athugasemdir við viðfangsefnakaflann, nema þá helst 3.2, sem snertir einmitt þær efasemdir sem ég hef helstar um sameiningu.

Almenn umræða

Það er enginn ágreiningur um að háskólamenntun hefur vaxið hröðum skrefum á Vesturlöndum, og raunar víða í heiminum, undanfarna öld og ekkert bendir til þess að lát sé á þegar horft er til hlutfallstalna.

Stofnanir hafa víðast stækkað, annars vegar einfaldlega vegna fjölgunar nemenda, en einnig vegna samruna þeirra. Það er almenn tilhneiging til þess að fækka stofnunum og þær telja sig margar standa betur að vígi eftir sameiningu en áður. Ég á erfitt með að ímynda mér annað en að talsmenn sameinaðra stofnanna mæri hið nýja fyrirkomulag.

Vandinn er sá að það er erfitt að henda reiður á því hvort sú menntun sem skólarnir veita sé betri fyrir bragðið.

Þetta mál er a.m.k. þríþætt. Það snýst um það litróf námsframboðs sem nemendum stendur til boða þegar á heildina er litið, það snýst um það hvernig skólarnir upplifa hlutverk sitt og skipuleggja kennslu sína og það snýst um þá menntun sem nemendur fá miðað við það hlutverk sem skólarnir hafa skilgreint.

Það er látið að því liggja í þeim tillögum sem eru lagðar fram að námið verði betra frá öllum þessum sjónarhornum. Ég tel hið gagnstæða gæti allt eins orðið raunin.

Eftir því sem nemendum hefur fjölgað hefur námsleiðum einnig fjölgað (umræða mín hér snýst ekki aðeins um Ísland). Háskólastigið hefur einnig þanist út vegna þess að skólar, sem ekki voru á háskólastigi, voru fluttir þangað. Við þetta hvoru tveggja hefur litróf náms á háskólastigi breikkað. Ég tel að jafnframt þessu hafi námið (þegar á heildina er litið) orðið einsleitara í eðli sínu (fræðilegra) og í þeim skilningi hafi litrófið mjókkað. Að öðru jöfnu tel ég að sameining skóla hafi ýtt undir slíka þróun, þótt annað hafi gert það líka. Ég tel að ólíkir skólar séu líklegri til þess að varðveita þá fjölbreytni sem ég er sannfærður um að sé mikilvæg, heldur en yrði ef allt væri sett í einn pott. Þannig að þótt námsleiðum fjölgi verði námið samt smám saman einhæfara í eðli sínu. Ég tel að sameining ýti undir einhæfara nám, þótt hún geri það ekki ein og sér. Sjálfstæðir skólar geta frekar haft ólík hlutverk, ólík viðmið um gæði og ólíka starfshætti, heldur en ólíkar deildir í sama skóla (það breytir auðvitað engu þótt deildir séu kallaðar skólar).

Á síðustu tveimur öldum hafa verið stofnaðir margvíslegir skólar með mörg ólík hlutverk. Þau sem hafa verið mest áberandi hafa verið undirbúningur fólks til margvíslegra starfa og þátttaka í framrás vísindalegrar þekkingar. Þetta er eðlilegt og mikilvægt og það er fráleitt að allar stofnanir hafi sama hlutverk. Það sem gerir málið flókið er að þessi tvö hlutverk fléttast saman á tvo vegu. Annars vegar hafa þau verið samhliða í ólíkum kennslugreinum sömu stofnana og hins vegar fléttast þau saman í hverri einustu grein (með réttu). Þetta ætti ekki að skapa nein sérstök vandmál. En það gerist samt. Ég tel að annað markmiðið, þ.e. hið fræðilega, verði alltaf ráðríkara, jafnvel talsvert umfram þau mörk sem skynsamlegt er þegar til lengri tíma er litið. Mér sýnist það taka völdin. Ég tel að stofnanir með ólík hlutverk eigi þess vegna að vera aðgreindar og hafa það sjálfstraust og sjálfstæði sem nauðsynlegt er til að móta sér þá samsetningu starfshátta sem hlutverkinu hentar. Þess vegna hef ég andmælt því að það ætti að vera óumdeilt kappsmál að sameina stofnanir á háskólastigi og hef ekki séð neitt sérstakt vandamál þótt fjöldi þeirra jaðri við tuginn hér á landi.

Í hvaða skipulagi fá nemendur bestu menntunina? Það vita allir að þessu er erfitt að svara og sennilega er það ekki skipulagið sem gerir útslagið um hvaða menntun kemur nemendum og þjóðafélaginu best. Meira að segja er sennilegt að tiltekið skipulag gæti hentað einhverjum vel á ákveðnu stigi á þroskaferlinum en allt annars konar nám á öðru. Það sem flækir málið enn frekar er að sami einstaklingur gæti valið um ólíkar leiðir og allar skilað sér vel (eða illa). En almennt tel ég að það sem skipti mestu máli sé að skipulag náms spegli heilindi gagnvart því hlutverki sem skólastofnun hefur. Þetta er vissulega með ýmsu móti í

háskólaumhverfinu, bæði hérlendis og erlendis, en mér finnst höfuðatriði að við fyrirhugað endurskipulag séu ekki stigin skref sem dragi úr þessu. Það er viðbúið að þegar hlutverkin eru orðin mörg muni hvert þeirra fyrir sig útvatnast.

Hér hef ég drepið á rök sem frá þremur sjónarhoruum skýra efasemdir mínar um sameiningu KHÍ og HÍ. Ég vík nú aðeins að skýrslunni sem ráðuneytisnefndin byggir á almenn atriði í niðurstöðum sínum.

Það er margt í mörgu

Vegna þess að umræðan hefur, held ég, einkum snúist um kerfi og umgjörð eins og kerfisfólki er einkar lagið tel ég ástæðu til að beina sjónum ekki síður að inntakinu, m.a. að okkar daglega starfi, þ.e. því að mennta fólk. Það virðist mér hafa orðið nánast útundan í þessari umræðu. Mér er það hulin ráðgáta hvernig þessi sameining á að bæta kennaramenntun (en hana er ugglaut hægt að bæta mikið). Í skýrslunni frá 2002 eru nefndir ýmsir kostir en ekki er ljóst hvort sameining ýti undir eða leiði til að einhver einn verði valinn frekar öðrum. Þar kemur fram eins konar „margt í mörgu“ sjónarmið. Þó má skilja það svo af kafla 5.1 í skýrslunni að gert sé ráð fyrir mjög breyttri kennaramenntun. Er hugmyndin sú að leggja niður þá kennaramenntun sem nú er verið að skipuleggja í KHÍ og taka upp aðra í staðinn? Eða að gera ekki neina breytingu? Hvernig kemur sameining þessu máli við? Ég sat árum saman í kennaramenntunarnefnd HÍ og var lengi formaður hennar og þekki því býsna vel þá umræðu sem þó hefur verið um þau mál í HÍ. Stundum fannst mér það viðhorf berast frá deildum að menntun kennara þyrfti að fara fram í deildum HÍ (fagnám) og svo mætti bæta við einhverju um kennslu ef menn endilega vildu og lög krefðu. Að hvaða marki felur sátt um sameiningu stofnana það í sér að fallist er á slík viðhorf, þannig að þau ráði ferðinni? Að hvaða marki hefur þetta viðhorf ráðið afstöðu HÍ til sameiningar skólanna?

Hvað með sögu þessara mála? Raunvísindadeild var í aðra röndina stofnuð sem kennaramenntunardeild. Hve lengi entist það? Breyttist það ekki vegna þess að menn voru á annarri leið, voru að hugsa um annað? Ég held það og er ekki að amast við því, en bendi á að fólk á að geta farið ólíkar leiðir þótt stofnunum geti veist það erfitt.

Þess vegna tel ég nauðsynlegt að það sé útskýrt hvort sameining stofnana komi skipulagi kennaramenntunar eitthvað við. Ef ekki, þá á að segja það og hætta að rugla fólk. Ég hef hér að ofan andæft því að það sé endilega skynsamlegt að sameina KHÍ og HÍ en tel þó fráleitt að taka afstöðu nema að þetta sé afgreitt. Til dæmis með því að segja að endurskipulag kennaramenntunar væri annað mál. En ef sameining á að fela í sér breytingu á kennaramenntun eðli málsins samkvæmt þá tel ég enn fráleitara að taka afstöðu til þessa máls nema að þær hugmyndir hafi verið útfærðar.

“Meginhagkvæmnin fólst í því að meðalfjöldi stúdenta á hvern akademískan starfsmann jókst,, (bls. 10)

Í umræðu um ávinning af sameiningu háskóla met ég það svo að helst sé horft á stóru línurnar. Nú er ég ekki í hópi þeirra sem gera lítið úr hagkvæmni og skilvirkni; þvert á móti tel ég það stjórnvöldum til tekna eins og öllum öðrum ábyrgum rekstraraðilum þegar gerðar eru ýtrnstu kröfur um þessi atriði, svo fremi sem það komi ekki niður á gæðum þjónustunnar. Það er oft hægt að hagræða í rekstri og það á að gera. Á undanförunum árum hef ég þó oft látið í ljósi það sjónarmið að gengið hafi verið of langt í sameiginlegri stjórnsýslu í HÍ.

Mér rennur til rifja hve lítið er tekið á gæðum kennslu í skýrslunni frá 2002 og raunar í allri umræðu um hagræðingu skólastarfs en viðurkenni að það er einkenni flestra yfirlitsgreina um efnið. Það fer ekki fram mikil sjálfstæð umræða um menntun. Það er alltaf verið að tala

um kerfið. Það vantar líka gagnrýna umræðu um lykilatriði skýrslunnar. Ég nefni dæmi um þá setningu sem er yfirskrift þessarar efnisgreinar. Ef þetta er niðurstaða rannsóknar sem ber að taka alvarlega þá hlýtur það að kalla á umræðu, m.a. um það hvenær þetta sé eftirsóknarvert og hvenær ekki. Þetta getur ekki verið slíkt óumdeilt keppikefli að það kalli sjálfkrafa á sameiningu. Fleiri setningar í skýrslunni kalla á slíka umræðu. Hvað á t.d. að gera með það sem haft er eftir Kyvik, á bls. 38 í skýrslunni? Varla er markmiðsgrein 2.6 byggð á því?

“... er ljóst að þessi sameining hefur nú þegar skilað góðum árangri,, (bls. 11).

Sú skýrsla sem byggð er á er yfirborðsleg samantekt skýrslna, rannsókna og talna sem lítið er svo gert með þegar upp er staðið. En þegar ég las yfirskrift þessarar efnisgreinar runnu á mig tvær grímur og ég velti því fyrir mér á hvaða forsendum væri hægt að treysta skýrslunni, þ.e. hvaða vinnubrögð hún speglaði. Sú skýrsla sem þarna hlýtur að vera byggð á gæti t.d. aðeins fjallað um hagkvæmni í rekstri, en ekki gæði menntunar. Nú gæti einhver sagt að þessi fullyrðing hefði nú bara flotið þarna með og ég ætti ekki að taka hana óstínt upp, en þá vaknar spurning um hvaða setningar aðrar það gildi einnig.

Um sameiningu KHÍ og HÍ: um allt og ekkert

Ég hef aðeins fylgst með umræðu um þessi mál af hliðarlínunni, en hef nú lesið þessi plögg sem send voru og setið einstaka fundi og heyrt umræðu fólks. Það sem ég hef kynnst er ótrúlega óljóst. Mér finnst óljósara en ég hefði haldið að ætti að vera hvað verið er að ræða um: á hverju er byggð og til hvaða álitamála fólk er að taka afstöðu.

Vera má að þú hafir svörin á reiðum höndum, ágæti deildarforseti. En mér hefur virst að þið sem eruð í forsvari umræðunnar hafið tilhneigingu til að drepa málinu á dreif, segja að þetta snúist um allt, en þó ekkert. Snúist aðeins um umgjörð og hrein formsatriði, en þó um að breyta helstu innviðum beggja stofnana svo að sameining þjóni einhverjum tilgangi. Um að halda kennaramenntun í öllum aðalatriðum óbreyttri (miðað þó við nýjar tillögur KHÍ) en jafnframt að gjörbreyta henni. Eða hvað?

Mér hefði verið nær að fylgjast betur með.

Virðingarfyllst,

Jón Torfi Jónasson

Alþingi
Erindi nr. P 133/1594
komudagur 14.3.2007



FÉLAG ÍSLENSKRA
FRAMHALDSSKÓLA


Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13. mars 2007

Umsögn um frumvarp til laga
um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands

Félag íslenskra framhaldsskóla gerir engar efnislegar athugasemdir við framkomið frumvarp. Við fögnum þeim áfanga sem fæst með þessu frumvarpi. Það var löngu tímabært að efla kennaramenntun þeirra sem ætlað er að kenna í efstu bekkjum grunnskólans. Eðlilegt er að menntun kennara sem kenna í efstu bekkjum grunnskólans og byrjunaráföngum framhaldsskóla sé sambærileg og krafist sé háskólaprófs í faggrein auk réttindanáms til kennsluréttinda.

F.h. FÍF
Virðingarfyllst.


Baldur Gíslason formaður FÍF

Félag náms- og starfsráðgjafa
Kennarahúsinu v/ Laufásveg
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. febrúar 2007

Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, lagt fyrir á 133. löggjafarþingi 2006-2007

Verði ákvörðun tekin um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, eins og lýst er í ofangreindu frumvarpi, telur Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) brýnt að skapa samstöðu og byggja upp traust til hins nýja sameinaða háskóla og framtíðarsýnar hans. Félagið vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

Almennt álit

FNS tekur ekki afstöðu til þess hvort sameina skuli Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og Háskóla Íslands (HÍ) að öðru leyti en því að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að **breytingarnar verði til þess að stuðla að eflingu háskólamenntunar á Íslandi og að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi**. Einnig vill félagið leggja áherslu á mikilvægi þess að efla stoðþjónustu, þ.m.t. náms- og starfsráðgjöf, í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk. Sem stendur eru of fáir náms- og starfsráðgjafar starfandi við báða skólana og því ekki unnt að veita þá þjónustu sem æskileg væri. Ljóst þarf að vera með hvaða hætti sá styrkur sem skólarnir búa yfir í sitt hvoru lagi verði tryggður og áfram nýttur til framdráttar sameinuðum skóla. Mikilvægt er að sameiningin verði notuð til að yfirvinna veikleika hvors skóla þannig að nýr sameinaður háskóli verði enn öflugri en háskólarnir eru nú.

FNS telur að frumvarpið komi til móts við þarfir nemenda á fjölbreyttu og sveigjanlegu námsframboði í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum og

annarra uppeldisstétta svo framarlega sem skólarnir deili sýn um markmið sameiningar og þann ávinning sem hún færir. Hvað varðar menntun náms- og starfsráðgjafa gæti sameining háskólanna styrkt MA nám í náms- og starfsráðgjöf þar sem hún eykur fjölbreytni í valnámskeiðum. Einnig gæti sameiningin aukið gæði og framboð í fjarkennslu í greininni. Mikilvægt er fyrir stétt náms- og starfsráðgjafa að fólk á landsbyggðinni fái tækifæri til menntunar á þessu sviði en skortur er á menntuðum náms- og starfsráðgjöfum úti á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

- * Fram kemur í fylgiskjali I, kafla 9.7, að Námsráðgjöf KHÍ og Námsráðgjöf HÍ skuli veita nemendum hins nýja háskóla þjónustu sem tengist námi þeirra, persónulegum högum og framtíðaráformum. FNS telur eðlilegt að notað sé heitið Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands fyrir þá þjónustu sem veitt skal í sameinuðum skóla og að eðli þeirrar þjónustu og markmið séu sameinuð.
- * Í grein 9.15.2 kemur fram að skipaður verði starfshópur til að fjalla um námsráðgjöf. Hér telur FNS eðlilegt að segja: „skipaður verði starfshópur til að fjalla um náms- og starfsráðgjöf”.
- * Í grein 12.6 er talað um að í síðari hluta úttektar ætti athyglin að beinast að árangri af sameiningu háskólanna. Þar vill FNS leggja sérstaka áherslu á eitt af meginmarkmiðum með sameiningu skólanna, þ.e. að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk. Náms- og starfsráðgjafar merkja sívaxandi þörf innan menntakerfisins og í atvinnulífinu fyrir náms- og starfsráðgjöf, þjónustu sem ætti að vera sjálfsögð og aðgengileg öllum í nútímaþjóðfélagi. Í því samhengi er vert að benda á að nauðsynlegt er að tryggja aðgang allra að náms- og starfsráðgjöf, frá skóla til atvinnulífs, frá bernsku til fullorðinsára. Tryggja þarf að fagmenntaðir náms- og starfsráðgjafar sinni störfum í skólum og í atvinnulífi enda tryggir það gæði þjónustunnar.

Fagmennska og færni náms- og starfsráðgjafa byggir á sérhæfðri menntun þeirra. Starf þeirra felst m.a. í því að efla færni og víkka sjónvildarhring ráðþega með tilliti til náms og starfs. Ráðþegar verða þannig betur í stakk búnir til að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð sína sem byggja á áhugasviðum þeirra, gildum og viðhorfum og öðlast færni í að leita upplýsinga um nám og störf.



Þar sem menntun og rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf er undirstaða náms- og starfsráðgjafarstarfsins er afar mikilvægt að vel sé að þeim þáttum búið. FNS leggur áherslu á að við sameiningu skólanna verði tryggt að fjármögnun kennslu og rannsókna á sviði náms- og starfsráðgjafar styrki fræðasviðið frá því sem nú er.

Það er mat FNS að auka verði markvissa náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu innan skólastiganna þriggja og úti á vinnumarkaðnum. Aðgengi að upplýsingum um þróun vinnumarkaðar og framtíðarhorfur samhliða upplýsingum um framboð menntunar er einn af grunnþáttum í náms- og starfsvali einstaklinga. Í þessu samhengi er vert að benda á að síðastliðinn vetur hafa nokkrar þingsályktunartillögur verið lagðar fram á Alþingi sem snerta beint eða óbeint viðfangsefni náms- og starfsráðgjafar, s.s. um fullorðinsfræðslu og nýtt tækifæri til náms. Þess má einnig geta að frumvarp til laga um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni var lagt fram á Alþingi. Á sumarþingi Alþingis 2006 voru samþykkt lög um vinnumarkaðsaðgerðir þar sem kveðið er á um að Vinnumálastofnun skuli kanna reglubundið mannaflapörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum þannig að meta megi atvinnuöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi þar að lútandi. FNS lagði fram greinargerðir vegna ofangreindra þingsályktunartillagna og benti m.a. á nauðsyn þess að efla náms- og starfsráðgjöf hvarvetna í þjóðfélaginu. Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur hlekkur í skilvirku menntakerfi og eflingu tengsla náms og vinnumarkaðar.

Mikilvægt er að efla samstarf atvinnulífs, sveitastjórna, mennta- og félagsmálayfirvalda og heimilanna. Það er mat FNS að með sameiginlegri sýn, skilningi og aðgerðum þessara aðila megi auka sýnileg tengsl menntunar, færni og starfa. Efling náms- og starfsráðgjafar skiptir hér sköpum og tryggir samkeppnishæfni íslensks þjóðfélags.

F. h. Félags náms- og starfsráðgjafa

Ágústa Elín Ingbórsdóttir, formaður



FÉLAG PRÓFESSORA
Í HASKÓLA ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 133/904
Frudagur 9. 2. 2007

Nefndarsvið Alþingis
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands

Stjórn Félags prófessora hefur fjallað að beiðni nefndarsviðs Alþingis um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands undir nafni þess síðarnefnda.

Stjórnin hefur orðið þess áskynja að skiptar skoðanir eru meðal félagsmanna um ágæti sameiningarinnar. Stjórnin metur það svo að það sé einlægur vilji stjórnvalda með sameiningunni að efla kennaramenntun í landinu og styður því framkomið frumvarpi trausti þessi stjórnvöld fylgi ásetningi sínum eftir með fjárveitingum og öðrum aðgerðum.

Félag prófessora beinir því til Alþingis að búa svo um hnútana að sameiningin rýri ekki starfstengd kjör, aðbúnað, rannsóknaraðstöðu og möguleika prófessora og annarra háskólakennara er varða styrki úr rannsóknasjóði HÍ, Eimskipafélagssjóði, Sáttmálasjóði og styrki og dagpeninga vegna rannsóknaleyfa.

Stjórn félags prófessora bendir á að við sameininguna er nauðsynlegt að samræma gæðastuðla skólanna hvað varðar mannráðningar, framgang i starfi, inntöku nemenda og námsmat.

F.h. stjórnar Félags prófessora

Gísli Már Gíslason
Varaformaður

Alþingi
Erindi nr. P 133/832
komudagur 8.2.2007



Reykjavík 7. febrúar 2006

HÁSKÓLI ÍSLANDS

GUÐFRÆÐIDEILD

Menntamálanefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Varðar: Umsögn guðfræðideildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Ísland og Háskóla Íslands.

Guðfræðideild barst erindi yðar dags. 31. janúar s.l. þar sem deildinni er sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Á deildarfundum í guðfræðideild í dag, 7. febrúar var meðfylgjandi umsögn samþykkt.

Með tilliti til þeirra breytinga sem í undirbúningi eru á skiptingu Háskóla Íslands í deildir og skorir álitur guðfræðideild eðlilegt að málefni ríkisháskóla komi til frekari skoðunar líkt og fram kemur í frumvarpi þessu.

Ætla má að margháttaður faglegur ávinningur náist með auknu samstarfi Háskólans og Kennaraháskólans m.a. hvað fræðasvið guðfræðideildar áhrærir. Má ætla að slíkt samstarf verði auðveldara en nú er sameinist háskólarnir tveir.

Af þeim sökum mælir guðfræðideild með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Ásdís Guðmundsdóttir,
skrifstofustjóri guðfræðideildar



Alþingi
Erindi nr. P 133/806
komudagur 5.2.2007

Menntamálanefnd

Fyrir hönd nemenda við efnafræðisor Háskóla Íslands, samþykki ég hér með frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál.

Mér hefur í langan tíma fundist að þennan pól ætti að taka í hæðina, ef svo má að orði komast...

Takk fyrir
Benedikt Ómarsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/052
komudagur 13.2.2007



HASKOLI ÍSLANDS

VIÐSKIPTA- OG
HAGFRÆÐIDEILD

Menntamálanefnd Alþingis
b.t. Elísabetar Ránar Andrésdóttur

12. febrúar 2007

Vísað er til beiðni menntamálanefndar um umsögn viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál.

Viðskipta- og hagfræðideild gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, enda er markmiðið að efla kennaramenntun í landinu.

Virðingarfyllt,


Friðrik Már Baldursson
deildarforseti



Alþingi
Erindi nr. P /33/856
komudagur 8.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir, nefnarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2007

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál.

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 31. janúar s.l., þar sem háskólaráði Háskóla Íslands er sent til umsagnar frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands hefur ásamt Kennaraháskóla Íslands komið að aðdraganda og undirbúningi máls þessa frá byrjun. Á undanförmum árum hafa skólarnir átt margvíslegt samstarf, bæði formlegt og óformlegt, og á árinu 2002 stóðu þeir sameiginlega að athugun á möguleikum á nánara samstarfi eða sameiningu. Að höfðu samráði við báða skólana skipaði menntamálaráðherra nefnd 12. janúar 2006 sem hafði það verkefni að kanna fýsileika þess að sameina þá. Skilagrein þeirrar nefndar, dags. 7. apríl 2006, er birt í heild í athugasemdum með frumvarpinu. Þar er lagt til að sameining skólanna sé æskileg ef samstaða næst á milli þeirra um markmið sameiningar, eins og þau eru tilgreind í skilagreininni og í skýrslu skólanna frá árinu 2002. Meginmarkmiðið er að styrkja menntun kennara og efla rannsóknir á sviði uppeldis- og menntunarfræða.

Þegar niðurstaða nefndarinnar lá fyrir var hún rædd á fundum háskólaráðs Háskóla Íslands 4., 11. og 31. maí 2006 og á fundum háskólarektors með deildarforsetum. Jafnframt var málið sent til deilda Háskólans til umsagnar. Enn fremur var gerð grein fyrir skilagreini nefndarinnar á háskólafundi 5. maí 2006 og málefnið rætt. Þar kom fram mikil samstaða um að mikilvægasta markmið hugsanlegrar sameiningar væri að efla í senn kennaramenntun á Íslandi og að styrkja rannsóknamarkmið Háskóla Íslands.

Á fundi háskólaráðs 31. maí 2006 var síðan farið ítarlega yfir skilagreininna og gerð grein fyrir afstöðu ráðsins í bréfi til menntamálaráðuneytisins, dags. 8. júní 2006. Þar kemur fram að háskólaráð mælir eindregið með því að unnið verði að sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í samræmi við þá tillögu sem fyrir liggur í skilagreininni. Í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011, sem samþykkt var á háskólafundinum 5. maí 2006 og staðfest í háskólaráði 11. maí 2006, er kveðið á um það að viðræðum um hugsanlega sameiningu skólanna verði haldið áfram og að ef til sameiningar komi verði hún undirbúin vandlega, m.a. í tengslum við skiptingu hinnar nýju stofnunar í skóla. Í stefnunni er jafnframt kveðið á um það að ef af sameiningu verði þá skuli hún komin til framkvæmdar 1. júlí 2008. Við undirbúning umsagnar háskólaráðs var jafnframt, sem fyrr greinir, leitað sérstaklega eftir umsögnum deilda Háskólans um mögulega sameiningu og var afstaða deilda nær undantekingalaust mjög jákvæð.


Almenn afstaða Háskóla Íslands til mögulegrar sameiningar skólanna er því skýr og í fullu samræmi við þau markmið, hugmyndir og áherslur sem fram eru sett í skilagreini nefndarinnar frá 7. apríl 2006. Fram kom í umsögn háskólaráðs að mikilvægt sé að

háskólarnir og menntamálaráðuneytið geri sameiginlega framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir sameiningarferlið í heild, þar sem verklag verður útfært, helstu þættir tímasettir í öllum aðalatriðum og fjármunir tryggðir. Í ágúst 2006 skipaði menntamálaráðherra síðan starfshóp með aðild fulltrúa beggja skólanna til að vinna að frekari undirbúningi sameiningar og skilaði hún skýrslu í nóvember sl. Skýrslan er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu og hefur að geyma áætlun um sameiningu skólanna.

Í ljósi aðdraganda málsins og undirbúnings þess og þeirrar samvinnu sem um málið hefur verið frá byrjun leggur Háskóli Íslands eindregið til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

F.h. rektors,



Þórfður Kristinsson

Sviðsstjóri kennslusviðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 5. febrúar 2007

Vísað er í bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 31. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál. Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á frumvarpinu og er umsögn háskólans eftirfarandi:


Háskólinn á Akureyri lýsir ánægju með fram komið frumvarp um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Frumvarpið sjálft kveður á um nauðsynlega hluti í sameiningu þessara tveggja stofnana. En í skýrslu nefndar um fýsileika þessarar sameiningar og í Fylgiskjali 1 Áætlun um sameiningu koma fram nánari upplýsingar um hvernig staðið verður að sameiningunni.

Það verður að teljast líklegt að einn megintilgangur með þessari breytingu, styrking háskólastigsins, náist fram með þessari breytingu. Einn veikleiki íslenska háskólastigsins hefur verið of litlar stofnanir og of lítil samvinna milli þeirra. Með sameiningunni verður til háskóli sem er að vísu ekki stór í alþjóðlegum samanburði en nægilega stór til að geta borið sig saman við háskóla í öðrum löndum og um leið verið leiðandi á háskólastiginu á Íslandi. Annar höfuðtilgangur með sameiningunni er að styrkja kennaramenntun á Íslandi. Til að átta sig á því hvort líklegt er að það takist þá nægir frumvarpið ekki eitt og sér heldur verður að skoða viðbótargögnin sem lögð voru fram með frumvarpinu. Í Áætlun um sameiningu er vitnað til þess (bls. 12) að háskólaráð Kennaraháskólans telur mikilvægt að viðhalda tvenns konar líkönum fyrir kennaramenntun í sameinuðum háskóla, samþætta líkani og raðnámslíkani. Samþætta líkanið gengur út á að uppeldisgreinar eru samþættaðar öðrum þekkingargreinum sem kennaranemar ná tökum á, raðlíkanið gengur út á að uppeldisgreinar koma til viðbótar þeirri þekkingu sem nemandi hefur aflað sér í tiltekinni fræðigreini. Í skýrslunni kemur fram að vinna verði mikla vinnu til að tengja kennaranámið við ólíkar deildir í Háskóla Íslands. Ef það tekst að fella skipulag kennaranáms inn í skipulag Háskóla Íslands og nýta þau gögn og gæði sem þar er að finna og um leið að laga skipulag Háskóla Íslands að þörfum kennaramenntunar þá verður stigið framfaraspor í þróun íslenskarar kennaramenntunar.

Það er einnig ástæða til að taka undir það að ráðinn verði sérstakur starfsmaður til að bera ábyrgð á sameiningunni og sömuleiðis að meta árangur hennar eins og lagt er til í Áætluninni.

En samþykkt frumvarpsins er forsenda þess að þessi sameining fari fram með þeim hætti sem áætlað er. Háskólinn á Akureyri mælir með að umrætt frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson rektor

Alþingi
Erindi nr. P 133/908
komudagur 12.2. 2007



HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. febrúar 2007


Menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið
Alþingi
101 Reykjavík

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands telur að sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands gæti orðið til góðs fyrir háskólamenntun og rannsóknir í landinu.

Hjúkrunarfræðideild hefur athugasemd við 3. grein frumvarpsins. Deildin telur að ekki komi nógu skýrt fram hvernig haga eigi fjárveitingu til Háskóla Íslands vegna kostnaðar sem skapast við sameiningu skólanna.

Hjúkrunarfræðideild vill taka það skýrt fram að með stuðningi við þetta lagafrumvarp er deildin með engu móti að taka afstöðu til þeirra hugmynda um skólaskiptingu sem lýst er í athugasemdum og fylgiskjöllum með frumvarpinu. Umræða um framtíðarstjórnskipulag Háskóla Íslands á sér nú stað innan skólans og hefur engin endanleg ákvörðun verið tekin í því efni.

F.h. Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands


Erla Kolbrún Svavarsdóttir
Deildarforseti

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/843
komudagur 8.2.2007



KENNARHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 2. febrúar 2007
0702002 sk

Nefndarsvið Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands

Háskólaráði Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál.

Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands hefur við undirbúning þessa frumvarps haft tækifæri til að fjalla um efni þess og koma hugmyndum sínum og markmiðum um framtíð Kennaraháskólans og sameiningu við Háskóla Íslands á framfæri. Kennaraháskólinn átti fulltrúa í nefnd um fýsileika sameiningar og hafði þannig tækifæri til að taka þátt í starfi hennar, en skilagrein nefndarinnar fylgir frumvarpinu í athugasemdakafli. Fylgiskjal með frumvarpinu er áætlun um sameiningu sem samin er af starfshópi þar sem skólinn átti einnig fulltrúa. Um þessar álitserðir báðar fjallaði ráðið einnig á fundum sínum.

Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Kaaber

skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/956
komudagur 9.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Umsögn Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, þingmál 431

Reykjavík, 8. febrúar 2007

Kennarafélag KHÍ fór á sínum tíma yfir greinargerð nefndar um fýsileika þess að sameina Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Félagsfundur haldinn 30. maí 2006 tók undir að háskólastigið megi einfalda og styrkja. Fundurinn taldi mikilvægan þann fyrirvara sem settur er í lok greinargerðarinnar um niðurstöðu stefnumótunar í Háskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir að nýr háskóli standi saman af nokkrum megineringum sem fundurinn vill kalla skóla og hefðu áþekkt hlutverk og stöðu innan háskólans. Skóli um kennaramenntun og aðra skylda starfsmenntun yrði einn slíkra skóla og um leið ein af umfangsmestu einingum Háskóla Íslands.

Afstaða félagsins var þá og er enn að það ráði úrslitum um fýsileika sameiningar að þessi sjálfstæða eining eða skóli rúmi þær faggreinar sem nú eru innan stokks í Kennaraháskóla Íslands og fleiri til, að hin ýmsu fræðasvið, svo sem íslenska, erlend mál, náttúrufræðigreinar, samfélagsgreinar, list- og verkgreinar, upplýsingatekni og miðlun verði áfram stunduð á forsendum kennaramenntunar og uppeldisfræða í skýrum tengslum við vettvang uppeldis og menntunar. Á slíkum grunni má efla sviðin með auknu samstarfi við þá sem þessi fræði stunda á öðrum vettvangi innan sameinaðs háskóla án þess að hætta sé á að tengsl þeirra við rannsóknir og starfsmenntun á sviði uppeldis og menntunar rýrni eða rofni.

Niðurstaða stefnumótunar um skóla innan sameinaðs háskóla mun að mati félagsins hafa mikil áhrif í faglegu tilliti en varðar líka miklu um fjárveitingar til kennaramenntunar og annarra menntasviða sem Kennaraháskólinn sinnir og ekki síður stöðu og kjör bæði kennara og annarra háskólamenntaðra starfsmanna við stórnýslu og sérfræðistörf í Kennaraháskóla Íslands. Sjálfstæð eining eða skóli innan Háskóla Íslands um kennaramenntun á breiðum grundvelli; skóli sem heldur að mestu fjárveitingum ásamt fjárhagslegu og faglegu forræði yfir því sviði sem Kennaraháskóli Íslands tekur til í dag er að mati félagsins tryggasta forsenda þess að hagur kennaramenntunar og þeirra sem henni sinna við Kennaraháskóla Íslands verði hvergi fyrir borð borinn. Um leið er viðurkennt að margvíslegur hagur getur orðið af öflugum samstarfi við yfirstjórn og aðrar einingar Háskóla Íslands.

Í ljósi af ofansögðu lýsti félagið því yfir að ljúka bæri áætlaðri skipulagsvinnu um framtíðarskipan Háskóla Íslands í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands og starfsfólk beggja skóla áður en tekin væri endanleg ákvörðun um sameiningu. Frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi gerir hins vegar ráð fyrir að þingið taki sína ákvörðun áður en svo er komið. Samvinna er á milli skólanna um þá skipulagsvinnu sem hér var nefnd og svo virðist sem hún miði að ásættanlegri niðurstöðu. Um málalok skal ekkert fullyrt hér.

Kennarafélag KHÍ er aðili að Bandalagi háskólamanna og gegnir svipuðu hlutverki við Kennaraháskóla Íslands og Félag háskólakennara gerir við Háskóla Íslands. Í félaginu eru um 150 félagar, þar af um 130 háskólakennarar (dósentar, lektorar og aðjúnktar) og 20 háskólamenntaðir starfsmenn í stjórnáslu og sérfræðistörfum. Hlutfall kennsluskyldu, stjórnunarskyldu og rannsóknarskyldu er það sama og við Háskóla Íslands með minni háttar undantekningum. Mat á rannsóknum og árangurshvetjandi starfsmat er með nær sama sniði og við Háskóla Íslands. Kennslumagn sem felst í kennsluskyldu er áætlað með sérstökum hætti sem m.a. tekur mið af umfangsmikilli fjarkennslu við skólann (fyrirkomulag hvað þetta varðar er misjafnt við deildir Háskóla Íslands). Nokkur hópur kennaranna eru aðjúnktar ráðnir tímabundinni ráðningu og eru sumir í hlutastörfum sem fylgir 90% kennsluskylda. Þessi hópur gegnir líku hlutverki og stundakennarar við Háskóla Íslands en nýtur betri kjara. Þá má nefna að kennsluyfirvinna er að jafnaði meiri en við margar deildir Háskóla Íslands. Um stöðu og kjör allra starfsmanna væntum við þess að þau skerðist í engu komi til sameiningar. Réttur þeirra sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu kann að sönnu að vera veikur en við lýsum þeirri eindregnu afstöðu félagsins að sameining gefi ekki tilefni til að staða þeirra eða kjör annarra starfsmanna breytist nema á jákvæðan hátt og eigum að óreyndu ekki von á öðru en að forysta beggja hlutaðeigandi skóla sé reiðubúin að tryggja að svo verði.

Verði af sameiningu telur félagið varða mestu

- að tryggð verði sú framtíðarskipan innan Háskóla Íslands sem hér var rakin og gerir ráð fyrir að stofnunin skiptist í nokkrar sjálfstæðar deildir eða skóla
- að faggreinasviðum verði áfram sinnt á forsendum og innan vébanda kennaramenntunar
- að fjárveitingar til þeirra sviða kennslu og rannsókna sem Kennaraháskóli Íslands sinnir skerðist ekki heldur eflist áfram líkt og verið hefur
- að samræming á stofnanasamningum og hvers konar reglum sem lúta að starfi og kjörum háskólakennara og starfsmanna í stjórnáslu og sérfræðistörfum leiði ekki til kjaraskerðingar
- að staða og kjör allra starfsmanna verði tryggð og gætt sérstaklega að hlut starfsmanna með tímabundna ráðningu

Að gefnum þessum forsendum telur félagið að sameining geti orðið til að styrkja menntun, kennslu, rannsóknir og þróunarstarf beggja sameinaðra skóla.

Virðingarfyllt,

Torfi Hjartarson formaður
Kennarafélags KHÍ
torfi@khi.is – 843 0707
(sign)

Alþingi
Erindi nr. P 133/905
komudagur 12.2.2007



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík 7. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu
Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands**

Á fundi sínum 5. febrúar sl. fjallaði deildarráð grunndeildar Kennaraháskóla Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál að beiðni menntamálanefndar Alþingis.

Deildarráð grunndeildar Kennaraháskóla Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en minnir á forsendur sameiningar og fyrirvara sem háskólaráð Kennaraháskóla Íslands setti fram í bréfi sínu til menntamálaráðherra 2. júní 2006.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd deildarráðs grunndeildar,

Guðmundur Birgisson
Deildarforseti grunndeildar

Alþingi
Erindi nr. P 133/949
komudagur 12.2.2017

Reykjavík 2. júní 2006

Menntamálaráðherra
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Efni: Tillögur um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands

Háskólaráð Kennaraháskóla hefur rætt hugmyndir um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands á nokkrum fundum og staðið fyrir umfangsmiklum kynningar- og umræðufundum með starfsfólki skólans um málið. Hefur skilagrein nefndar um fýsileika slíkrar sameiningar sem menntamálaráðuneytið sendi Kennaraháskólanum verið lögð til grundvallar umræðunum. Nýsamþykkt stefna Háskóla Íslands 2006-2016 var rædd í þessu samhengi, en mikilvægt er að stefna beggja skólanna fari að verulegu leyti saman ef huga á að sameiningu þeirra. Jafnframt var stuðst við skýrslu, *Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands: Aukið samstarf, verkaskipting eða sameining?*, sem rektorar háskólanna létu vinna árið 2002.

Undirtektir á umræddum fundum hafa verið jákvæðar og umræður uppbyggilegar. Almennst sjá menn kosti sameiningar háskólanna fyrir kennaramenntun og margs konar tækifæri til samvinnu og eflingar uppeldis- og menntunarfræða í landinu. Þá var Kennarafélagi KHÍ og Stúdentaráði KHÍ send umrædd skilagrein til kynningar. Umsagnir þeirra fylgja með bréfi þessu.

Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands tekur undir þau meginmarkmið með sameiningu háskólanna tveggja sem sett eru fram í fyrrnefndri skilagrein, en leggur þunga áherslu á að þær forsendur fyrir farsælu sameiningarferli sem þar eru nefndar (töluliðir 3.1 til 3.11) verði uppfylltar. Þannig og aðeins þannig er líklegt að sameiningin leiði til samhæfðrar öflugrar háskólastofnunar sem er að sjálfsögðu mikilvægasta markmiðið. Til þess að ítreka mikilvægi þessa eru eftirfarandi forsendur úr skilagreininni endurteknar hér:

- Það er forsenda þess að sameining heppnist vel að allir hlutaðeigandi leggist á eitt. Mikilvægt er að virkja starfsfólk undir forystu háskólaráða og rektora beggja skóla.
- Sameiginleg framtíðarsýn háskólanna er nauðsynleg. Í henni þarf að felast að skólarnir deili sýn um markmið sameiningar og þann ávinnig sem hún færir.
- Ljóst þarf að vera með hvaða hætti sá styrkur sem skólarnir nú ráða yfir hvor fyrir sig, verði tryggður og áfram nýttur til framdráttar sameinuðum skóla. Sameiningin verði

notuð til að yfirvinna veikleika þeirra þannig að nýr háskóli verði enn öflugri en háskólarnir eru nú.

- Leggja þarf áherslu á að byggja upp traust til nýja háskólans sem stuðlar að sameiginlegri stofnanamenningu og góðum starfsanda.
- Tryggja þarf að stjórnskipulag sameinaðs háskóla og fjármögnun kennslu og rannsókna á sviði uppeldis-, menntunar- og kennarafræða styrki fræðasviðið frá því sem nú er. Mikilvægt er að fjárveitingar til kennslu í uppeldis-, menntunar- og kennarafræðum skerðist ekki við sameiningu háskólanna. Gæta þarf að kostun innan þeirra greina þar sem skörun verður milli kennaramenntunar og annarrar menntunar háskólans. Jafnframt er mikilvægt að fjárveitingar til rannsókna verði sambærilegar á öllum fræðasviðum hins nýja háskóla.
- Tryggja þarf frá upphafi sameiningarferlisins að allir starfsmenn beggja háskólanna fái áfram sambærileg störf og sambærileg kjör í nýjum háskóla. Sambærilegar reglur hafa gilt um ráðningar og hæfnismat í báðum háskólunum.
- Skoða þarf sérstaklega kjaramál starfsmanna háskólanna og stéttarfélagsmál. Einnig þarf að samræma réttindi og skyldur starfsfólks í nýjum sameinuðum háskóla, s.s. aðgang að sjóðum, rannsóknamisseri, ráðningu og framgang, matskerfi vegna rannsókna og kennslu, vinnumat vegna stjórnunar o.fl.
- Við samnýtingu og samþættingu námsleiða og námsleiða þarf að huga sérstaklega að námskröfum og inntaki náms í báðum háskólum. Mikilvægt er að virkja kennara ólíkra deilda við HÍ og kennara við KHÍ til samstarfs og samþættingar í þágu kennaramenntunar.
- Skoða þarf sérstaklega húsnæðismál í tengslum við hugsanlega sameiningu háskólanna. Athuga þarf hvort skynsamlegt væri t.d. að byggja yfir þá starfsemi sem nú er í KHÍ á háskólavæði HÍ og nýta aðstöðu KHÍ á Rauðarárholti fyrir aðra starfsemi. Eðlilegt er að þessi mál komi til skoðunar í samvinnu stjórnvalda og háskólaráðs sameinaðs skóla.
- Stúdentar og samtök þeirra þurfa að vera virkir þátttakendur í sameiningarferlinu. Í tengslum við sameiningu háskólanna þarf jafnframt að huga að stöðu og eignum samtaka þeirra.
- Ljóst er að sameining háskólanna er umfangsmikið verkefni sem hefur í för með sér kostnað sem tryggja þarf fjárveitingu til.

*Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands samþykkti einróma á fundi sínum 30. maí 2006 að haldið verði áfram undirbúningi umræddrar sameiningar háskólanna. Það var þó gert með fyrirvara um að sú starfsemi sem nú er í Kennaraháskóla Íslands verði grunnur að einum af umræddum „skólum“ innan sameinaðs háskóla sem nefndir eru bæði í stefnu Háskóla Íslands og í fyrrnefndri skilagrein um fýsileika sameiningarinnar. Er það og í takti við lögbundið hlutverk Kennaraháskóla Íslands samkvæmt núgildandi lögum sem „miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi“. Mikilvægt er að slíkur „Uppeldisvísindaskóli“ (*School of Education*) innan Háskóla Íslands, en háskólaráð KHÍ gerir ráð fyrir að sameinaður háskóli heiti því nafni, hafi umsjón með og beri ábyrgð á öllu grunn- og framhaldsnámi á sviði uppeldis-, menntunar- og kennslufræða (og skyldum fræðasviðum) og leiði nauðsynlegt samstarf við aðra „skóla“ og „deildir“ hins sameinaða háskóla. Það er einnig mikilvægt að við framtíðarskipulagningu kennaramenntunar innan sameinaðs háskóla verði kennslufræði greina*

(t.d. fræðasvið eins og *Mathematic Education, Science Education, Art Education*) ásamt grunnnámi á kjörsviðum (allt að 30 einingum) í samþættu kennaranámi (B.Ed. og M.Ed.) fyrir leik- og grunnskólakennara sinnt innan vébanda „Uppeldisvísindaskólans“, en ekki dreift á marga og ólíka aðila innan háskólans. Hins vegar er nauðsynlegt að samhæfa kennaranám og viðbótarmenntun á ýmsum fræðasviðum þvert á „skóla“ og „deildir“ hins sameinaða háskóla.

Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands telur mikilvægt að viðhalda tvenns konar kennaramenntunarlíkönunum í hinum sameinaða háskóla, annars vegar *samþættu líkani* (concurrent model), þar sem nám í uppeldis- og kennslufræði og nám í væntanlegum kennslugreinum er samþætt (t.d. B.Ed. + M.Ed.), og hins vegar *raðnámslíkani* (consecutive model), þar sem kennsluréttindanámi kemur á eftir námi í kennslugreinum (t.d. B.A./B.S. + M.Ed.). Kennaraháskóli Íslands vinnur nú að heildarendurskoðun á öllu námi við skólann sem á að taka endalega gildi haustið 2007. Sú endurskoðun miðast m.a. við að virkja kosti þessara tveggja kennaramenntunarlíkana. Væntir háskólaráð þess að þessi mikla vinna við endurskoðun á öllu starfsnámi við Kennaraháskólann, sem nú er kominn vel á veg, nýtist við sameiningu háskólanna.

Þá leggur háskólaráð Kennaraháskóla Íslands áherslu á að ýmislegt sem vel hefur gengið við Kennaraháskólann, eins og farsæl uppbygging stoðþjónustu við kennslu og rannsóknir í Menntasmiðju skólans, viðamikil fjarkennsla og sveigjanlegir kennsluhættir, nýtist sameinuðum háskóla. Háskólaráð Kennaraháskólans telur einnig mikilvægt að stjórnsýslueiningar eins og umræddir „skólar“ í sameinuðum háskóla hafi umtalsvert fjárhagslegt sjálfræði og beri fjárhagslega ábyrgð innan eðlilegra marka og njóti góðs af hagkvæmni í rekstri, en þetta eru þættir sem hafa haft mikil jákvæð áhrif á rekstur Kennaraháskóla Íslands á liðnum árum. Háskólaráð Kennaraháskólans minnir einnig á starfsemi skólans á Laugarvatni, kennslu skólans í list- og verkgreinum og þau mikilvægu tengsl sem Kennaraháskólinn hefur ræktað á undanförunum árum og áratugum við vettvang náms og kennslu á öllum skólastigum. Þá hafa stúdentar við Kennaraháskólann bent á mikilvægi þess að áfram verði kjörorð Kennaraháskólans, *Alúð við fólk og fræði*, höfð í heiðri.

Sameining háskóla á borð við þá sem hér um ræðir hefur átt sér stað í mörgum löndum og sjálfsagt tekist misvel. Mikilvægt er að læra af reynslu annarra. Kennaraháskóli Íslands bendir t.d. á sameiningu *University of Aberdeen* og *Northern College of Education* sem gerð var fyrir nokkrum árum. Þar tókst sameining vel að mati bæði starfsfóks háskólanna og stjórnvalda í Skotlandi. Í Aberdeen var t.a.m. gerð ítarleg áætlun um sameininguna og síðan formleg úttekt á því hvernig til hafði tekist nokkrum árum seinna. Við getum margt lært af reynslu Skota.

Verði ákvörðun tekin um sameiningu háskólanna þarf að fylgja þeirri ákvörðun eftir með tímasettri aðgerðaráætlun og samningum. Háskólaráð Kennaraháskólans tekur undir með Háskóla Íslands að heppilegast væri að formleg sameining verði 1. júlí 2008. Þá gefst háskólunum, í samvinnu við stjórnvöld, tækifæri til að undirbúa sameininguna þannig að hún takist farsælega. Ef menntamálaráðherra ákveður að leggja frumvarp um sameiningu háskólanna fyrir Alþingi væri best að Kennaraháskólinn komi sem fyrst með eðlilegum og viðeigandi hætti að þeirri vinnu sem verið er að setja af stað í Háskóla Íslands í þeim tilgangi að setja fram fyrir mitt ár 2007 „tillögu að skiptingu Háskóla Íslands í skóla sem hver um sig starfi í aðgreindum deildum“.

Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands er einhuga í afstöðu sinni um að að sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands geti verið æskileg og til framfara ef vel er á málum haldið.

Virðingarfyllt,
f.h. háskólaráðs Kennaraháskóla Íslands,

Ólafur Proppé rektor

Meðfylgjandi:

1. Bréf frá Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands dags. 30. maí 2006
2. Bréf frá Stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands dags. 30. maí 2006

Alþingi
Erindi nr. P 133/955
komudagur 9.2.2007

Reykjavík, 9. febrúar 2007

Nefndarsvið Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands

Stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál.

Umsögn Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands

Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands hefur í samstarfi við yfirvöld skólans fengið tækifæri til þess að fjalla um málið innan veggja skólans. Yfirvöld hafa á öllum stigum gert fulltrúum stúdenta grein fyrir stöðu mála og þeim farvegi sem það er í hverju sinni.

Skilagrein nefndar um fýsileika sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands gerir á góðan hátt grein fyrir þeim atriðum sem mikilvægt er að huga að við sameiningu skólanna. Sérstaklega teljum við mikilvægt að fylgja þeim atriðum eftir sem fram koma í 8. kafla, *Nemendur*.

Eins og fram kemur í grein 8.2 þá á Félag stúdenta við Kennaraháskóla Íslands bóksölu sem leitast við að þjónusta nemendur og starfsfólk skólans á sem hagstæðustu kjörum. Þá er félagið aðili að Bandalagi íslenskra námsmanna (BÍSN) og Byggingafélagi námsmanna (BN). Því er nauðsynlegt að tryggja eignir og vægi félagsins í sameiningarferlinu.

Við frumvarpið sjálf hefur Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands engar athugasemdir heldur leggur áherslu á mikilvægi þess að starfshópur stúdenta verði skipaður hið fyrsta því að ljóst er að mikil vinna er fyrir höndum.

Virðingarfyllt,

Sigurður Grétar Ólafsson
Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs KHÍ



Alþingi
Erindi nr. P 133/957
komudagur 9.2.2007

KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 7. febrúar 2007

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. 431. mál.

Kennarasamband Íslands tekur heilshugar undir meginmarkmið með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í einn nýjan háskóla eins og þau birtast í skilagrein nefndar sem fjallaði um málið og fylgir frumvarpinu. Kennarasambandið leggur sérstaka áherslu á að þeim markmiðum er lúta að eflingu kennaramenntunar, tengingu annars náms við kennaranám og styrkingu rannsókna í uppeldis- og menntunarfræðum verði náð með sameiningu háskólanna tveggja enda gerir fyrrgreind nefnd einmitt þann fyrirvara af sinnu hálfu við allt málið.

Kennarasamband Íslands leggur áherslu á að umfjöllun og ákvarðanatöku um fyrirliggjandi frumvarp verði tengd efnislega við tillögur um lengda kennaramenntun og eflingu innviða hennar m.a. með styrkingu faggreinapáttar þar sem það á við og auknum tíma til starfsþjálfunar sem hlutfalls af námstíma í kennaranámi svo dæmi séu tekin. Kennarasamband Íslands gerir sér þó ljóst að um lögfestingu breytinga á kennaramenntun yrði fjallað í tengslum við aðra lagasetningu.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður



Alþingi 3/1
Erindi nr. P 133/1470
komudagur 6.3.2007

HÁSKÓLI ÍSLANDS
RAUNVÍSINDAEILD
HJARDARHAGI 2-6,
107 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 4644
FAX: 525 4632
www.hi.is/nam/raun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

6. mars 2007

Efni: Umsögn raunvísindadeildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál.

Deildarráð raunvísindadeildar gerir ekki athugasemdir við texta frumvarpsins.

Ráðið telur að sameining KHÍ og HÍ geti hugsanlega leitt til þess að í framtíðinni verði betur staðið að kennslu raungreina í gunnskólum en ástand þeirra mála er nú á mjög alvarlegu stigi.

Þetta er þó háð því að vel takist til með sameiningu skólanna og samtengingu raungreinakennslu fyrir verðandi kennara við skorir raunvísindaeildar.

Þá er rétt að benda á að bætt kennsla í raungreinum fyri verðandi grunnskólakennara kallar á verulega bættu aðstöðu og búnað til verklegar kennslu í hinum sameinaða skóla.

Virðingarfyllst,

Hörður Filippusson
forseti raunvísindadeildar Háskóla Íslands

Reykjavík, 9. febrúar 2007

Nefndarsvið Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands

Stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, 431. mál.

Umsögn Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands


Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands hefur í samstarfi við yfirvöld skólans fengið tækifæri til þess að fjalla um málið innan veggja skólans. Yfirvöld hafa á öllum stigum gert fulltrúum stúdenta grein fyrir stöðu mála og þeim farvegi sem það er í hverju sinni.

Skilagrein nefndar um fýsileika sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands gerir á góðan hátt grein fyrir þeim atriðum sem mikilvægt er að huga að við sameiningu skólanna. Sérstaklega teljum við mikilvægt að fylgja þeim atriðum eftir sem fram koma í 8. kafla, *Nemendur*.

Eins og fram kemur í grein 8.2 þá á Félag stúdenta við Kennaraháskóla Íslands bóksölu sem leitast við að þjónusta nemendur og starfsfólk skólans á sem hagstæðustu kjörum. Þá er félagið aðili að Bandalagi íslenskra námsmanna (BÍSN) og Byggingafélagi námsmanna (BN). Því er nauðsynlegt að tryggja eignir og vægi félagsins í sameiningarferlinu.

Við frumvarpið sjálft hefur Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands engar athugasemdir heldur leggur áherslu á mikilvægi þess að starfshópur stúdenta verði skipaður hið fyrsta því að ljóst er að mikil vinna er fyrir höndum.

Virðingarfyllst,


Sigurður Grétar Ólafsson
Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs KHÍ

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/907
komudagur 12.2.2007

Tækninefnd
Vísinda- og tækniráðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2007

Efni: Umsögn tækninefndar um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, þskj. 519, 431. mál.

Á fundi tækninefndar þann 6. febrúar 2007 var ofangreint mál tekið til umfjöllunar.

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs frá júní 2006 kemur fram í kafla fjögur um „Menntun í fremstu röð“, þar sem m.a. er fjallað um betri skóla og eflingu háskóla – kröfur um gæði náms og rannsókna, að menntastefna er í veigamiklum atriðum atvinnustefna um leið.

Tækninefnd telur að þau meginmarkmið sem fram koma með sameiningu skólanna styðji við þá stefnu sem fram kemur í stefnu ráðsins. Sameining skólanna gefur möguleika á að skapa sterka heild sem gefur möguleika á að efla sérstöðu og sérhæfingu. Skipting sameinaðs háskóla í sérstaka fagskóla gefur möguleika á að ná þessum markmiðum.

Tækninefnd telur að sameiningin gefi möguleika á að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis og menntunarfræðum og tryggi fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi.

Tækninefnd gerir engar athugasemdir við frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

F.h. hönd tækninefndar
Vísinda og tækniráðs,

Hanna Dóra Måsdóttir
Hanna Dóra Måsdóttir
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 133/1038
komudagur 19.2.2007

Vísindanefnd
Vísinda- og tækniráðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2007

Umsögn vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, þskj. 519, 431. mál

Á fundi vísindanefndar þann 7. febrúar 2007 var ofangreint mál tekið til umfjöllunar.

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs frá júní 2006 kemur fram í 4. kafla um „Menntun í fremstu röð“, þar sem m.a. er fjallað um betri skóla og eflingu háskóla – kröfur um gæði náms og rannsóknna, að menntastefna er í veigamiklum atriðum í senn atvinnustefna.

Vísindanefnd telur að þau meginmarkmið sem fram koma með sameiningu skólanna styðji við þá stefnu sem fram kemur í stefnu ráðsins. Sameining skólanna gefur ef vel tekst til möguleika á að skapa sterka heild og veitir tækifæri til að efla sérstöðu og sérhæfingu. Nefndin telur að sameiningin geti orðið mikið framfaraspor sem muni efla og bæta kennaramenntun í landinu og koma á meiri samfellu í kennslu allra skólastiga. Einnig muni skipting sameinaðs háskóla í sérstaka fagskóla skapa tækifæri til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Loks telur Vísindanefnd að sameiningin muni styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og tryggi fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi.

F.h. vísindanefndar
Vísinda- og tækniráðs



Edda Lilja Sveinsdóttir
ritari vísindanefndar